



## Fundargerð

### 181. fundur Skipulagsnefndar haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu Þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, Mánudaginn 13. febrúar 2023, kl. 15:00.

#### Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Ólafur Elvar Júlíusson, Bjarki Guðnason og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Júlíusson, .

#### Almenn mál

1. 2302032 - Seljaland - stofnun vegsvæðis

*Þessi liður bætist við áður boðaða dagskrá. Skipulagsnefnd samþykkir þessa dagskrábreytingu.*

*Anna Sigga Ellerup fh. Vegagerðarinnar kt. 680269-2899 sækir um skráningu á nýrri fasteign skv. meðfylgjandi gögnum. Um er að ræða vegsvæði milli Hverfisfljóts og Brunnár.*

**Skipulagsnefnd samþykkir erindið.**

2. 2302027 - Vindorkugarður á Grímsstöðum 2 í Meðallandi

*Vindorkugarður á Grímsstöðum 2 í Meðallandi, Skaftárhreppi - Mat á umhverfisáhrifum - matsáætlun í kynningu.*

*Umsagnir skulu berast Skipulagsstofnun eigi síðar en 10.mars 2023.*

**Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fram lagða matsáætlun en áskilur sér rétt til að koma fram með athugasemd á síðari stigum.**

3. 2302026 - Svæðisskipulag Suðrhálendis - tillaga til kynningar

*Svæðisskipulag Suðrhálendis - Greinargerð og umhverfisskýrsla lögð hér fram til umsagnar*

**Skipulagsnefnd fagnar þessari framkomnu kynningartillögu og minnir á hve stór öryggisþáttur og varaleið Fjallabaksleið nyrði er fyrir hringveg 1 komi til náttúruhamfara á svæðinu.**

4. 2301032 - Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033- Heildarendurskoðun til umsagnar

*Georg Frumuselu fh Mýrdalshrepps kt. 461283-0399 óskar eftir umsögn á*

*AM  
JG  
AK  
Eh*



framlögðu heildar endurskoðuðu Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033.  
Umsögn skal skila fyrir 8.mars 2023.

**Skipulagsefnd Skaftárhrepps gerir ekki athugasemdir við framlagt heildarendurskoðað Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 sem fyrir fundi liggur.**

5. 2212020 - Geirland - br á deiliskipulagi

*Ulla Rolfsigne Pedersen fh. Adventures Hótel ehf. kt. 490317-0310 leggur fram óverulega breytingu á deiliskipulagi ferðapjónustunnar á Geirlandi til yfirferðar og afgreiðslu. Fyrst og fremst er um stækkun á byggingarreit að ræða.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingin verði auglýst skv. 41.gr skipulagslaga nr. 123/2010 að teknu tilliti til gr. 4.3.3 í byggingarreglugerð þar sem sérstaklega er tekið á aðgengi að slökkvivatni.**

6. 2302029 - Núpar - br á deiliskipulagi

*Emir Brynjólfsson fh. Íslandshótela hf. 630169-2919 óskar eftir heimild að breyta deiliskipulagi fyrir lóðina Núpar lóð L209051 skv. framlögðum gögnum. Jafnframt er óskað heimildar að auglýsa deiliskipulags breytinguna.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að dsk breytingin verði auglýst skv. 41.gr skipulagslaga nr. 123/2010 að teknu tilliti til gr. 4.3.3 í byggingarreglugerð þar sem sérstaklega er tekið á aðgengi að slökkvivatni.**

7. 2201002 - Klausturvegur 15 - byggingarleyfi fyrir fjarskiptamastri

*Tekið fyrir á 171.fundi skipulagsnefndar, eftirfarandi bókað.  
"Skipulags- og byggingarfulltrúa var falið að afla frekari upplýsinga um nauðsyn staðsetningar og mikilvægi og grenndarkynna síðan málið í framhaldinu."*

*Minnisblað barst frá Svani Baldurssyni, Mílu, varðandi frekari skýringar, mikilvægi og staðsetningu fyrirhugaðrar framkvæmdar.  
Grenndarkynning fór fram á tímabilinu 1.des 2022- 2.janúar 2023.  
Engar skriflegar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að ósk um staðsetningu fjarskiptamasturs verði samþykkt og skipulags- og byggingarfulltrúa síðan í framhaldinu falið að gefa út byggingarleyfi fyrir mastriinu.**

8. 2302031 - Skriðuvellir 12 - br einbýli í 3ja íbúða fjölbýli



*Jón Sigurðsson fh. Ríkiseigna kt. 690981-0259, óskar eftir heimild að breyta einbýlishúsinu að Skriðuvöllum 12 í 3ja íbúða fjölbýli skv. meðf. gögnum*

**Skipulagsnefnd tekur jákvætt í beiðnina en leggur til að óveruleg dsk breyting verði unnin og lögð fyrir næsta fund til samþykktar og grenndarkynningar skv. 44.gr skipulagslaga nr. 123/2010.**

9. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags  
*Farið yfir stöðu mála*

**Sérstaklega var rætt um óskráð/vanskráð mannvirki í sveitarfélaginu. Skipulagsnefnd leggur til að fylgt verði eftir útsendu fréttabréfi um að landeigendur/húseigendur geri grein fyrir óskráðum/ vanskráðum mannvirkjum. Ráðist verði í þetta áttak hið fyrsta.**


**Mál til kynningar**


10. 2206005 - Stjórnsýslukæra - framkvæmdaleyfi Hnútuvirkjun  
*Úrskurðarorð ÚUA vegna framkvæmdaleyfis fyrir virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu.*

**Kynnt.**

Fundi slitið kl. 17:48.

  
Jón Hrafn Karlsson

  
Rúnar Þorri Guðnason

  
Jóhannes Gissurarson

  
Guðbrandur Magnússon

  
Elín Heiða Valsdóttir